

Frá ritstjórum

Þriðja árið í röð koma út tvö hefti af ritinu *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu*. Bæði hefti ársins koma út í desember. Sérheftið er helgað smásögum, örsögum og öðrum stuttum textum. Gestaritstjórar eru Kristín Guðrún Jónsdóttir og Ásdís Rósa Magnúsdóttir. Sérhefti næsta árs verður helgað orðasambandafræði og ætlað að gefa yfirlit yfir orðasambandafræði frá ýmsum sjónarhornum s.s. í þýðingum, í kennslu og í samanburðarrannsóknnum. Gestaritstjórar verða Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir.

Heftið sem hér birtist er annað hefti 16. árgangs. Að þessu sinni birtum við fimm ritrýndar greinar um leikhúsmenningu, bókmenntir og þýðingar. Auk þess má finna þrjár þýddar smásögur frá Paragvæ og Tælandi ásamt kynningu á höfundum þeirra.

Tvær fyrstu greinarnar eru á íslensku. Í fyrstu greininni fjalla þær Ásdís Rósa Magnúsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir um franska farsann, uppruna hans og hefðir honum tengdar, staðfærslu og viðtökum hans og þróun í íslenskum leikhúsum.

Hólmfríður Garðarsdóttir fjallar um skáldskaparskrif miðamerískra kvenna á fyrri hluta 20. aldar. Skoðað er hvernig umgjörð framúrstefnunnar opnaði konum dyr til að komast inn á svið bókmenntanna þar sem þær beina gjarnan sjónum að hlutverki og stöðu kvenna í skrifum sínum.

Ingibjörg Ágústsdóttir skrifar á ensku um þrjú skosk bókmenntaverk, sem öll eiga sögu svið á norðurslóðum og fjalla um ísbirni. Greining verkanna sýnir endurspeglun tveggja ólíkra stiga í samskiptum okkar við norðurslóðir og breytingar á viðhorfum evrópskra þjóða til mannvistar og umhverfisbreytinga.

Jacob Ølgaard Nyboe fjallar á dönsku um nýsköpun orðaforða í ljóðagerð, nýyrði og nýja merkingu orða, og sækir þar í smiðju Marianne Larsen um gátt ómöguleikans. Sýnt er hvernig nýyrðin

eru nátengd spennu milli dystópíu og útópíu auk þess sem flokkun á mismunandi gerðum nýyrða þjónar sem fræðilegur rammi.

Marion Lerner skrifar á þýsku og fjallar um fimm mismunandi þýðingar á smásögu eftir Gest Pálsson sem hluta af rannsóknum sínum á þýðingum íslenskra smásagna yfir á þýsku í kringum aldamótin 1900. Hún greinir einkenni þýðinganna og þýðingaradferðir. Enn fremur gerir hún grein fyrir þeim miðlum sem birtu sögurnar.

Hjörleifur Jónsson þýðir smásögu úr tælensku eftir Jidanan Luangphiansamut, margverðlaunaðan höfund. Sagan er skrifuð sem frásögn „heimskrar eiginkonu ungs rithöfundar“ og er þar ekki allt sem sýnist. Stutt kynning á höfundu fylgir.

Hólmfríður Garðarsdóttir skrifar formála að þýðingum sínum þar sem hún kynnir stöðu og umhverfi kvenna í Paragvæ til skáldskaparskrifa. Sögurnar tvær eru *Saga dóttur Francia* eftir Maria Concepción Leyes og *Hnykillinn* eftir Renée Ferrer. Fjalla þær báðar um örlög kvenna í ólíkum aðstæðum.

Ritstjórar kunna höfundum bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Enn fremur eiga prófarkalesarar, Gísli Magnússon, Júlían Meldon D’Arcy, Sigríður Harðardóttir og Stefanie Bade þakkir skildar. Og síðast en ekki síst ber að þakka ónafngreindum ritrýnum fyrir mikilsvert framlag.

Geir Þórarinn Þórarinsson
Þórbildur Oddsdóttir